

Þessu né fram komið út frá öðrum forsendum en hinni oftnefndu „venju“, verður ekki komizt hjá að taka kröfu stefnanda í málinu til greina að öllu leyti og dæma stefnda samkvæmt því. Þá þykir og hæfilegt, að stefndi greiði stefnanda kr. 600.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi í máli þessu, Kristján Kristjánsson forstjóri, Brekkugötu 4, Akureyri, greiði stefnandanum, Snorra Arnfinnssyni gestgjafa, Blönduósi, kr. 8834.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 4634.00 frá 31. des. 1944 og af afganginum kr. 4200.00 frá 31. des. 1945 til greiðsludags. Svo greiði hann og stefnanda kr. 600.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. nóvember 1950.

Nr. 93/1950. **Ákærvaldið** (Einar Arnórsson)

gegn

Benóný Friðrikssyni (Gústaf A. Sveinsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðs-
sonar.

Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Rannsókn máls þessa er svo áfátt, að dómur varð ekki á það lagður án gagngerðrar framhaldsrannsóknar. Afla þurfti m. a. vitneskju um eftirtalin atriði, eftir því sem kostur var.

Leiða þurfti í ljós, hverjir skipverja varðsupsins töldu sig sjá togvíra aftur af v/b Andvara, hvenær þeir hafi séð togvírana fyrst og hvort vírarnir hafi verið strengdir, eins og þegar verið er að togveiðum. Taka þurfti skýrslu af varðsupsmönnnum um það, hverjir þeirra fóru um borð í togbátinn, er hann hafði stanzað, hverjar athuganir þeir gerðu þar

á verksummerkjum og hvað skipverjar þar höfðust þá að. Þá átti og að afla greinargerðar um það, hverjir varðskipsmanna voru um borð í togbátnum á leið til Vestmannaeyja og hvort fylgzt var með athöfnum skipverja togbátsins á þeirri leið, svo sem hvort þess varð vart, að unnið væri þá að vírunum. Ákærði heldur því fram, að botnvarpa togbátsins hafi festst í botni, er hann var að veiðum utan landhelgi, og hafi togvírnir þá slitnað og hann misst botnvörpuna. Bar rannsóknardómara því að nefna sérkunnáttumenn til þess að athuga verksummerki á togbátnum, víraslitrin, meitilför o. fl., og láta í ljós álit sitt um það, hvað af þeim mætti ráða um botnvörpumissinn. Spyrja þurfti alla skipverja á togbátnum rækilega um það, hvað þeir höfðust að hver um sig næstu þrjá til fjóra klukkutíma, áður en varðskipið kom að bátnum, svo og um það, hvað starfað var á bátnum þenna tíma. Átti að samprófa þá sín á milli svo og við skipverja varðskipisins um öll þau atriði, sem á milli var. Síðan bar dómaranum að eiðfesta skipverja togbátsins, þá sem eiðfesta mátti að lögum. Þá átti og að eiðfesta varðskipsmenn. Rétt hefði verið að kveðja fyrir dóm menn þá, sem gefið hafa vottorð um botnslag á þeim stöðum, er ákærði kveðst hafa misst botnvörpuna, spyrja þá og láta þá staðfesta skýrslu sína.

Verður af þeim sökum, er raktar hafa verið, að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar rannsóknar og dómsálagningar.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að dæma á hendur ríkissjóði, þar með talin greiðsla málflutningslauna skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Frágangur dómsgerða er slæmur, og eru setningar í þeim ýmist lítt læsilegar eða ólæsilegar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar rannsóknar og dómsálagningar af nýju.

Allan kostnað af áfrýjun málsins ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækj-

anda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmann-
anna Einars Arnórssonar og Gústafs A. Sveinssonar, kr.
1000.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 28. maí 1949.

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn skipstjóra á v/b Andvara T. H. 101 fyrir brot gegn lögum nr. 5/1920 um bann gegn botn-vörpuveiðum, sbr. lög nr. 4/1924.

Málavöxtum er þannig lýst, sbr. skýrsluna í rskj. 1 og annað, er fram hefur komið í málinu.

Varðskipið Óðinn var á eftirlitsferð fyrir Suðurlandi á leið vestur með landi þann 25. marz síðastliðinn. Um kl. 22 sást ljósbjarmi framundan á stjórnborða. Nokkru síðar haldið beint í ljósið. Kl. 23 var stöðvað hjá v/b Andvara T. H. 101 frá Þórshöfn á Langanesi. Segir í skýrslu skip-herrans, rskj. 1, að afturvírin hafi legið skáhallt aftur af bátnum og hann hafi legið úr gálga, en ekki verið í togblökk.

Kallað hafi verið í bátinn, en enginn svarað, og segir þó, að maður hafi staðið á framþiljunni. Setti báturinn síðan á ferð út frá landi, var þegar haldið eftir honum og hann stöðvaður með 2 lausum skotum kl. 23.07, og var þá afturvírin farinn. Var síðan lagt að bátnum og maður settur um borð og lagt svo fyrir, að báturinn færi til Vestmannaeyja. Dýpi var 28 metrar. Báturinn hafði ekki uppi lögboðin ljós.

Hjá bátnum miðaðist Alviðruviti í r/v 295°. Dýpi 28 metrar. Síðan var haldið í r/v 248° kl. 23.35, Alviðruviti r/v 338°, fjarl. 1,8 sjóm. Stefna og vegalengd frá ofanrituðum stað og til bátsins, þar sem hann var stöðv-aður í seinna skiptið, gefur 2,1 sjóm. innan landhelgislínu. Veður var breytileg átt, skýjað.

Við athugun kom í ljós, að báðir vírarnir voru höggðir í sundur, og ný meitil- eða axarför sáust í gálgarúllum. Þurr varpa var um borð, og lá hún upp á stýrishúsið, og hlerar, sem sýnilega ekki höfðu verið notaðir nýlega. Enginn fiskur sást á þilfarinu, en það slorugt.

Kærði í málinu hefur viðurkennt að fullu staðarákvörðun skipherrans á Óðni, eins og henni er lýst, rskj. 1. Hins vegar hefur kærði neitað að viðurkenna, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum þar, sem hann var tekinn, sbr. skýrsluna, rskj. 1, sem og að það hafi verið togvírinn, sem lá út úr gálgarúllunni, en segir hins vegar, að vel geti verið, að vír hafi verið í gálgarúllunni eða gálganum.

Skýrslan, rskj. 1, er staðfest hér fyrir réttinum af 1. stýrimanni varð-skipsins, er hefur borið það, að hann hafi séð togvírinn hanga aftan af v/b Andvara og lafði í sjó og hafi virzt óslitinn, og háseti á varðskipinu hefur borið, að hann hafi séð vírinn aftur af Andvara, og segir, að hann hafi verið strekktur aftur af skipinu.

Skipherrann á Óðni hefur haldið því fram hér fyrir réttinum, og það eigi hrakið, að heyrzt hafi þung hamarshögg, þegar farið var fram með

bakborðshlið v/b Andvara, og telur, að þá muni framvirinn hafa verið höggvinn frá skipinu. Um meitilförin höfðu þeir athugað 1. stýrimaður og 2. vélstjóri á varðskipinu Óðni. Telur stýrimaður meitilförin í aftari gálga efri rúllu hafa verið mjög greinileg og ný, eða svo gott sem ný og í neðri rúllu hafi virzt höggvið í kjammana báðum megin, þó eigi eins greinilegt og að ofan. 2. vélstjóri segir, að meitilförin hafi sézt í rúlluhúsinu í kjömmunum í neðri rúllu, sem einnig voru ný.

Varðmaður frá varðskipinu Óðni, sem er háseti á varðskipinu, er var settur um borð í v/b Andvara, hefur staðfest umsögn skipherrans eftir honum, að hvorugur virinn hafi verið splæstur (stunginn), er hann kom um borð í v/b Andvara, segir, að vírar á báðum kjömmum hafi verið slitnir eða höggðir í sundur og ekki bundið fyrir endana, en búið að stinga (splæsa) auga á vír, er komið var til Vestmannaeyja.

Kærði hefur viðurkennt hér fyrir réttinum, að báðir vírarnir hafi verið höggðir sundur með meitli, og sagt, að auga eða lykkja hafi verið stungið í annan virinn og búið að því, er varðmaðurinn frá Óðni kom um borð í Andvara. Um meitilförin í rúllunni sagði kærði síðar, að hann héldi þetta ekki frekar meitilför heldur en eftir eitthvert járnstykki, sem þeir lemji iðulega lása með úr rúllunni. Hefur kærði lagt fram vottorð, rskj. 6. ódags., undirritað af tveim mönnum um skoðun þeirra varðandi för í gálgarúllum og rúllukjömmum á v/b Andvara.

Framburður kærða er sá, að hann hafi kastað vörpunni út af Alviðruhömrum um kl. 7½ e. h. 25. marzdag. Hafi þeir fest trollið í botni kl. tæplega 9 e. h. sama kvöldið. Segir sig muna, að dýpi hafi verið rúmir 60 faðmar. Miðanir eru engar tilfærðar, og eigi nema umsögn kærða sjálfs um dýpið. Segir hann, að þeir hafi orðið að slíta, af því að trollið eða hlerar hafi verið svo fastir, að eigi náðist upp, og hafi þeir þannig tapað trolli og hlerum. Hefur kærði lagt fram hér í réttinum enskt sjókort til að sýna botnlagið á þessum slóðum, Fishing Chart Iceland, Westerhorn to Portland, nr. 8 1944, rskj. nr. 5, og yfirlýsingar 2ja manna, dags. 8/4 1949, rskj. 7, og yfirlýsing eins manns, dags. 13/4 s. á., rskj. 8.

Kærði kveðst síðan hafa farið með Alviðruvita á bakborða inn á 16—17 faðma dýpi og farið að lagfæra og útbúa veiðarfærin, og undir land hafi hann farið, þar sem kyrrara hafi verið, til þess að hafa næði. Tjáir hann, að komið hafi að Andvara skip, er eigi hafi haft neitt ljós uppi, þótt það stefndi beint á Andvara og væri komið beint að þeim, og kveðst kærði þá hafa sett á ferð undan skipinu til stjórnbörða, og hafi skipið virzt vera á fullri ferð. Hafi skipið sett á v/b Andvara ljóskastara, og tjáðist kærði eigi hafa haft hugmynd um, hvaða skip þetta var, og Andvari hafi verið látinn fara með góðri ferð um stund í hálfhring undan skipinu og loks, er kærði hafði heyrt skot, hafi hann stöðvað, og hafi skip þetta reynzt vera varðskipið Óðinn.

Í málinu má það teljast upplýst, að v/b Andvari var eigi með full siglingljós.

Staðhæfingar kærða um, að Óðinn hafi eigi kveikt á neinum ljósum, þegar hann kom að Andvara fyrst, fá eigi staðizt gagnvart vitnisburðum

skipherrans á Óðni og 1. stýrimanns á Óðni um, að lýst hafi verið á v/b Andvara með ljóskastara, fyrst er komið var að honum, og einnig kveikt á siglingaljósum. Einnig hefur stýrimaðurinn á Andvara borið það, að hann, er að vísu segist hafa verið upptekinn af störfum, er hefur verið á þilfarinu (svo), hafi eigi orðið þess var, að skip hafi komið að Andvara, fyrr en ljóskastara var beint að Andvara, og kveðst þá hafa séð, að það var varðskipið Óðinn.

Framburður stýrimannsins á v/b Andvara varðandi vírana er á þessa leið, að hafi nokkur vír sést hanga aftur af v/b Andvara, þá hafi það hlotið að vera togvírinn, sem hann kveðst hafa verið búinn að stinga og látið renna út af, sjá þá umsögn varðmannsins hér að framan, og hefur sagt, að Sævar Benónýsson, sem er sonur kærða, hafi verið með sér að stinga vírinn. Hefur og nefndur Sævar, sem er háseti á v/b Andvara, kannast við það. Getur vitnisburður síðarnefnda að vísu eigi talizt fullgildur, þar sem hann er svo skyldur kærða. Vitnisburður stýrimannsins um þessi atriði er og eigi fullskýr, því eins og til áréttingar því, er hann hafði fyrst sagt um vírana, sagði hann síðar, að það hefði eins vel getað verið innsláttarvír, sem togvírarnir eru teknir í togblökkina með. Bætti hann við að síðar gefnu tilefni, að hann hafi látið togvírinn renna út af blökk, en innsláttarvírinn hafi hins vegar legið á sínum stað, en ekki aftur af skipinu.

2. vélstjóri á Andvara, Jón Erlingur Guðmundsson, sem er formaður stjórnar h/f Andvara og eiganda v/b Andvara, hefur borið, að innsláttarvír hafi legið uppi í gálganum og aftur á afturenda bátsins, en eigi lafað aftur af, og þannig hafi það verið, er varðskipið kom fyrst að, en varðandi togvírinn segist hann ekki hafa veitt honum athygli, en segist þó hafa séð einu sinni togvírinn lafa aftur af, rétt áður en varðskipið lagði að bakborðssiðu v/b Andvara.

Bæði þessi síðastnefndu vitni hafa borið, að vírarnir hafi slitnað, þegar verið var að draga upp vörpuna, af því að annaðhvort varpan eða hlerar hafi orðið föst í botni. Ekkert hafa þeir gefið upp um miðanir eða um staðinn, nema þetta hafi átt að ske undan Alviðruhómrum, annað vitnið, eða Alviðruvita, hitt vitnið.

Bæði þessi vitni urðu vör við ljóskastarann, er lýsti Andvara upp, þar sem þau voru uppi á skipinu.

Skipherrann á Óðni hefur lýst því, að iðulega hafi sést togarar toga á þeim slóðum, er kærði kveðst hafa misst vörpu sína, og þessu eigi andmælt af kærða, er hélt því fram, að annað gildi í þessum efnum fyrir stóran heldur en fyrir litinn togara, svo sem vélbát, og vísað seinna til áðurgetins, ensks sjókort, er að vísu eigi hefur þýðingu fyrir þetta mál, eins og það liggur fyrir, og eigi verður tekið fram yfir hið löggilta sjókort, er varðskipsforinginn sýndi hér í réttinum og hann hafði markað staðarákvarðanir og mælingar sínar á.

Varðandi hin framlögðu vottorð, er að framan getur, taldi dómarrinn eigi þörf á, enda þess eigi óskað af kærða hálfu, að láta staðfesta þau, þar

sem þau að dómarsins áliti hefðu, eins og þau koma fyrir, eigi verulega þýðingu fyrir málið.

Samkvæmt skýrslu varðskipsforingjans, sem staðfest er af 1. stýrimanni, sbr. og síðari vitnisburð varðskipsforingjans, var kl. 22.00 umgetinn dag, 25. marz s.l., er varðskipið byrjaði að stefna á Andvara, og færðist v/b Andvari allan þann tíma vestur með landinu og nær Alviðrúvitanum, sbr. vitnisburð Guðmundar Sveinssonar, háseta á Óðni, er kveðst hafa verið við stýrið á Óðni, þegar haldið var að Andvara, og kveðst þannig hafa haft sérstaka aðstöðu til að fylgjast með ljósunum á v/b Andvara á leiðinni.

En kærði hefur hins vegar haldið því fram, að hann hafi legið að mestu kyrr eða kippt aðeins einu sinni og segir, að hafi Andvari borizt vestur með landinu, geti það hafa stafað af því, að báturinn hafi borizt með straumi.

Upp undir 2 tímar liðu, frá því að kærði kvaðst hafa misst vörpuna og þar til Óðinn kom að Andvara, og voru þeir á v/b Andvara þá ekki búnir að aðhafast neitt verulegt.

Það er upplýst í málinu, að v/b Andvari var með dempuð ljós eða hafði ekki uppi lögboðin siglingaljós, er komið var að honum. Verður og að telja, að réttara hefði verið og auðveldara og jafnvel sjálfsagt fyrir kærða að afsanna brot með því að sýna og leiða athygli varðskipsforingjans og manna hans að hinum slitnu vírum, sbr. það, er áður getur, heldur en að fara undan og forðast varðskipið, að því er virðist, í lengstu lög.

Eins og sjá má af því, er fram hefur komið í málinu og að framan hefur verið lýst, er það ljóst, að staðhæfingar kærða eru eigi nægilega rökstuddar, og ýmislegt í vitnisburðunum, er fram hefur komið og átt hefur að vera til styrktar, er á reiki og harla veigalítið, svo eigi fær staðizt gagnvart öðrum þeim gögnum, er fram hafa komið og staðfesta brot kærða.

Álita verður, sbr. það, er að ofan getur, að eigi hafi komið nægilegt fram til stuðnings staðhæfingu kærða um, að hann hafi ekki verið að veiðum með botnvörpu í landhelgi á umræddum tíma.

Verður að telja, þrátt fyrir staðhæfingar kærða, framkomnar nægilegar líkur fyrir því, að kærði hafi verið að veiðum með botnvörpu í landhelgi umgetinn dag, og verður því að telja hann sannan að sök um brot á lögum nr. 5 frá 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Kærði er fæddur 7. janúar 1907 í Vestmannaeyjum, og hefur ekki áður, svo að kunnugt sé, verið refsað fyrir sams konar brot. Þykir refsing kærða fyrir brot hans, er ber að heimfæra undir 1. gr. laga nr. 5/1920, hæfilega ákveðin, með því að hér er um fyrsta brot að ræða, samkvæmt 3. gr. nefndra laga, sbr. lög nr. 4/1924, sekt í Landhelgissjóð Íslands, kr. 29500.00, með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er það í dag, að samkvæmt núverandi gullgildi jafngilda 294.464 seðlakrónur eitt hundrað gullkrónum.

Verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, sæti kærði 7 mánaða varðhaldi.

Auk þess skal allur aflí innanborðs í v/b Andvara T. H. 101 og öll

veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, vera upptækt og andvirðið renna í Landhelgisjórð Íslands.

Svo greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans hér fyrir réttinum, Páls Þorbjörnssonar, kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera :

Kærði, Benóný Friðriksson, greiði kr. 29500.00 sekt í Landhelgisjórð Íslands, og komi í stað sektarinnar 7 mánaða varðhald, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í v/b Andvara T. H. 101, skal vera upptækt og andvirðið renna í Landhelgisjórð Íslands.

Loks greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans hér fyrir réttinum, Páls Þorbjörnssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. nóvember 1950.

Nr. 101/1950. **Vikublaðið Fálkinn** (Magnús Thorlacius)

gegn

Oscari Clausen (Enginn).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd.
Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans
Hallvarðssonar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Stefndi, sem hefur verið löglega birt áfrýjunarstefna í máli þessu, útgefin 17. júní þ. á., hefur hvorki sótt né látið sækja þing í Hæstarétti. Er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi hefur gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1320.60 með 6% ársvöxtum